

## 68. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 14.9.2016

*Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir*

Fundur settur kl.13:00 í Skaftárstofustofu

### Dagskrá fundar:

#### 1. Uppskeruhátíð

Rætt um hugsanlegt samstarf við Kirkjubæjarstofu vegna ársfundar á setningu Þakkar-og Uppskeruhátíðarinnar. Rætt hefur verið við Oddvita um að flytja ávarp á setningunni. Þuríður tekur að sér að hafa samband við Ólafíu.

Tveir aðilar hafa boðið sig fram til að taka þátt í hátíðinni, Leikskólinn Kæríbær og Kidda í Þykkvabæ. Þau sett inn í dagskránnu. Þar sem undirtektir eru litlar er stefnt á að auglýsa aftur eftir fleiri þátttakendum og í leiðinni kalla eftir hlutum á uppboðið á sunnudeginum.

Rætt um aðkeypta viðburði, nýjar hugmyndir/möguleikar skoðaðir. Búið að senda póst á Kjartan skólastjóra um uppskeruhátíðina og mun skólinn taka þátt að venju.

Hugmyndir og vangaveltur um listamann hátíðarinnar....

Nefndin hefur ákveðið að söfnunarmálefnið að þessu sinni verði Heilsuleikskólinn Kæríbær en leikskólanum vantar fjármagn til að kaupa upplýsingaskjál.

Þuríður ætlar að senda póst á aðstandendur Pálinuboðsins og ýta eftir viðbrögðum frá þeim.

Sú hugmynd rædd að fá Unni, verkefnastjóra Friðar og frumkrafta, til að taka að sér uppsetningu á dagskrá helgarinnar.

Ekki meira rætt að sinni.

Fundi slitið kl.15:30